

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN	SKÝRSLA YFIRHEYRSLA SAKBORNINGUR/GRUNAÐUR	R L S	
Skýrslu gerir 9813 Birgir Jónasson, lögreglufulltrúi	Mál nr. 006-2002-00086	V/ 17.1	
Staður og stund: Laugardagur 28. maí 2005 kl. 10:05 – Skrifstofa RLS, Skúlagötu 21, Reykjavík			
Sakarefni: Rannsókn á ætluðum brotum forráðam. Baugs hf. og skyldra félaga – Vöruveltan hf./Litla fasteignafélagið ehf.			
Sakborningur/grunaður: Eiríkur Sigurðsson	Kennitala: 261055-2369		
Starf/staða: Sjálfstæður atvinnurekandi	Vinnusími:		
Lögheimili: Valhúsabraut 16, 170 Seltjarnarnes	Sími: 561 0040/899 5128		
Dvalarstaður:	Sími:		

Eiríkur Sigurðsson er mættur til yfirheyrslu á skrifstofu Ríkislögreglustjórans samkvæmt boðun. Honum er kunnert um tilefni yfirheyrslunnar, sem er opinber rannsókn á ætluðum brotum forráðamanna Baugs hf. og skyldra félaga í tengslum við kaup hlutafjár í Vöruveltunni hf. á árunum 1998 og 1999. Enn fremur er til rannsóknar ætluð refsiverð háttsemi er lýtur að kaupum og sölu fasteigna til og frá Litla fasteignafélaginu ehf. á árunum 1998 og 1999.

Eiríkur nýtur réttarstöðu sakbornings við rannsókn málsins samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála nr. 19/1991. Eiríkur er grunaður um þátttöku eða hlutdeild í ferli til að fjármagna kaup Jóns Ásgeirs Jóhannessonar á hlutafé Vöruveltunnar hf., sem Jón Ásgeir keypti af Eiríki og eiginkonu hans, Helgu Gísladóttur, með kaupsamningi, dags. 7. október 1998. Grunur er um að eignarhlutar í Vöruveltunni hf. hafi verið seldir áfram til annarra fjárfesta, með milligöngu Íslandsbanka hf., þar sem þau Eiríkur og Helga komu fram út á við gagnvart væntanlegum kaupendum líkt og þau væru raunverulegir eigendur félagsins, sem og síðar verður rakið.


Sú ætlaða refsiverða háttsemi sem Eiríkur er grunaður um að hafa drýgt þykir kunna varða við XXVI. kafla almennra hegningarlaga nr. 1940, þá aðallega 249. gr. laganna umboðssvik, sbr. 22. gr. laganna um hlutdeild.

Eiríki er kunngerð réttarstaðan um að honum sé óskýlt að svara spurningum um þá ætluðu refsiverðu háttsemi sem hann verður yfirheyrður um, sbr. 3. mgr. 32. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991. Brýnt er fyrir Eiríki að ef hann kjósi að tjá sig um hið ætlaða sakarefni að skýra þá satt og rétt frá og draga ekkert undan sem máli kunnir að skipta, sbr. 1. mgr. 33. gr. laga nr. 19/1991. Eiríki er einnig kynntur réttur hans um að hann geti annaðhvort ráðið á sinn kostnað lögmann til að gæta réttar hans og halda uppi vörnum sem talsmaður, sbr. 1. mgr. 37. gr. nr. 19/1991 eða óskað eftir að fá skipaðan af dómara verjanda vegna rannsóknar málsins, sbr. 1. mgr. 35. gr. sömu laga.

Aðspurður segir Eiríkur að hann skilji tilefni yfirheyrslunnar og þau ákvæði réttarfarslaga er honum hafa verið gjörð kunn. Eiríkur segir að hann hyggist ekki leita atbeina lögmanns eða óska eftir skipun verjanda að svo stöddu.

Viðstaddur og þátttakandi í yfirheyrslunni er Sveinn Ingiberg Magnússon, lögreglufulltrúi. Yfirheyrslan fer þannig fram að skýrsla er rituð og skráð í tölvu. Spurningar og eftir atvikum gögn eru lögð fyrir Eirík og svör hans við þeim síðan bókuð eftir honum í óbeinni ræðu. Eiríkur verður við yfirheyrsluna gefinn kostur á að kynna sér umrædd fyrirliggjandi gögn. Enn fremur verður Eiríki gefinn kostur á að hrekja þær forsendur sem grunur er reistur á og koma á framfæri skýringum sér til hagsbóta.

07363

137. 

Eiríkur er spurður um afstöðu til þess ætlaða sakarefnis sem honum hefur nú verið kynnt; hvort hann vilji tjá sig sjálfstætt um það, hrekja það eða koma á framfæri skýringum sér til hagsbóta.

Eiríkur segir að hann neiti umræddum sakargiftum. Eiríku segir að hann hyggist kjósa að svara spurningum við yfirheyrsluna sem beint verður til hans. Enn fremur segir Eiríkur að hann kjósi að hrekja ætlað sakarefni og koma á framfæri skýringum sér til hagsbóta síðar við yfirheyrsluna, þ. e. lið fyrir lið eftir því sem honum verða kynnt fyrirliðgjandi gögn.

Vöruveltan hf.

Eiríkur er beðinn með greinargóðum hætti að gera grein fyrir hlutafélaginu Vöruveltunni hf. m. t. t. hvenær félagið hafi verið stofnað, hvort og hversu lengi hann hafi setið í stjórn félagsins og hvenær hans afskiptum af félaginu hafi lokið.

Eiríkur segir að hann og eiginkona sín, Helga Gísladóttir, hafi stofnað fyrirtækið Vöruveltuna hf. á haustmánuðum 1991. Aðdragandi þess hafi verið sá að hann hefði til margra ára haft hugmynd um að nýta sóknarfæri þegar að afgreiðslutími á verslunum hafi verið gefinn frjáls á Íslandi, sem líklega hafi orðið að veruleika um áramótin 1990 og 1991. Eiríkur segir að af þessu tilefni hafi hann leitað til feðganna Jóhannesar Jónssonar og Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, þáverandi eigenda Bónuss, með samstarf í huga um stofnum fyrirtækis sem ræki verslanir með rúmum afgreiðslutíma. Eiríkur segir að hann hafi á þeim tíma verið nýhættur störfum hjá Sambandinu. Eiríkur segir enn fremur að þeir feðgar hafi á þeim tíma verið tiltölulega nýbúnir að stofna Bónus og hefðu haft mjög gott aðgengi að vörum á góðu verði.

Eiríkur segir að þau hjónin hafi gert samkomulag við Jóhannes og Jón Ásgeir um að stofna fyrirtækið Vöruveltuna hf., þar sem þau hjónin hefðu átt 50 % hlut og þeir feðgar 50 % hlut. Eiríkur segir að fyrsta verslun 10-11 hafi síðan opnað 10. nóvember 1991.

Aðspurður segir Eiríkur að hann hafi strax við stofnun félagsins verið ráðinn framkvæmdastjóri þess og rekstur þess hafi verið í hans höndum.


Eiríkur segir að einhvern tímann á árinu 1992 hafi Hagkaup keypt Bónus og í framhaldi af því hafi þau hjónin selt 25 % af sínum eignarhluta til Hagkaupa. Áfram hafi hann þó haldið að reka félagið og verið framkvæmdastjóri þess.

Eiríkur segir að á árinu 1993 hafi atvik þróast með þeim hætti að hann og Helga hefði keypt 75 % eignarhluta félagsins af Hagkaup og Bónus og þar með eignast félagið að fullu. Eiríkur segir að þau hjónin hafi síðan átt félagið í fimm ár, eða fram til 7. október 1998 þegar Jón Ásgeir Jóhannesson hefði keypt félagið af þeim. Aðspurður segir Eiríkur að hann hafi frá þeim tíma hætt afskiptum af félaginu.

Aðspurður segir Eiríkur að hann hafi frá stofnun félagsins setið í stjórn félagsins og fram til þess tíma er hann hafi selt félagið og hætt af því afskiptum. Eiríkur segir að hann muni ekki nákvæmlega hvenær hann hafi formlega farið út úr stjórn Vöruveltunnar hf.

Aðspurður segir Eiríkur að á þeim fimm árum sem félagið hafi að fullu verið í eigu hans og Helgu hafi það hvorki verið í innkaupasamstarfi við Bónus eða Baug-Aðföng ehf. né öðru samstarfi.

07364

37. 

Vöruveltan hf. – kaup á hlutabréfum**Kaupsamningur, dags. 7. október 1998**

Eiríki er sýnt afrit af kaupsamningi vegna kaupa á öllu hlutafé Vöruveltunnar hf. kt. 511091-1369, að nafnvirði 4.600.000,- króna, dags. 7. október 1998. Samkvæmt umræddum samningi gerðu seljandi, Helga Gísladóttir kt. 170857-2089 fyrir sína hönd og/eða hlutafélags sem eigenda 100% hlutafjár í Vöruveltunni hf. og umboðsmaður kaupanda, Jón Ásgeir Jóhannesson kt. 270168-4509, með sér samning um kaup á öllu hlutafé Vöruveltunnar hf. Kaupsamningurinn er undirritaður af Helgu Gísladóttur, Eiríki Sigurðssyni og Jóni Ásgeiri Jóhannessyni og vottaður af Grétari Haraldssyni kt. 060335-7299, héraðsdómslögmanni og Ragnari Tómassyni kt. 300139-7019, lögmanni. Umsamið kaupverð alls hlutafjárins var kr. 1.150.000.000,- og skyldi greiðast eftirfarandi:

- Skjal málsins nr. II/50.2

1. Hinn 8. október 1998	kr.	200.000.000,-
2. Hinn 5. nóvember 1998	kr.	800.000.000,-
3. Með víxli pr. 1. 3. 1999 (verðbætur gerðar upp sér)	kr.	150.000.000,-

	Kr.	1.150.000.000,-

Eiríkur er beðinn að gera grein fyrir þessum samningi; hver aðdragandi hans hafi verið, hvort hann hafi verið efnður og þá hvernig.

Eiríkur segir forsögu þessa máls vera þá að Ragnar Tómasson, lögmaður, hafi í nokkur skipti á þeim tíma sem þau hjónin hafi átt Vöruveltuna hf., komið að máli við hann og beðið þau hjónin um að selja félagið. Eiríkur segir að hans upplifun hafi ávallt verið sú að Ragnar Tómasson hafi þá verið umboðsmaður Jóns Ásgeirs Jóhannessonar og einskis annars. Eiríkur segir að hann hafi ávallt neitað að selja fyrirtækið, þar til um haustið 1998.

Eiríkur segir að haustið 1998 hafi hlutirnir gerst á mjög skömmum tíma, en þá sem aldrei fyrr hafi Ragnar Tómasson áhugað þá hugmynd við hann að selja Vöruveltuna hf., en þá hafi legið fyrir að KEA hafi enn fremur viljað kaupa félagið. Eiríkur segir að söluferlið hafi átt sér stuttan aðdraganda og gengið fljótt yfir, líklega á tveimur dögum. Eiríkur segir að hann hafi þá gengið til samninga við Jón Ásgeir Jóhannesson um sölu á Vöruveltunni hf.

Eiríkur segir að þessi samningur hafi verið efnður af hálfu kaupanda, þ. e. Jóns Ásgeirs Jóhannessonar. Að vísu hafi verið á einhverjum tímapunkti hækkað úr kr. 1.150.000.000 í kr. 1.160.000.000, þ. e. hann hafi fengið afhent hlutabréf í Baugi hf. að nafnvirði kr. 10.000.000. Það hafi Jón Ásgeir ákveðið upp á sitt eindæmi. Enn fremur segir Eiríkur að síðar hafi verið gerður sérstakur samningur um Veltuna ehf., sem snúist hafi um vörumerki 10-11 erlendis. Eiríkur segir að hann hafi frá upphafi viljað halda því vörumerki erlendis.

Eiríkur segir að greiðsla á kr. 800.000.000 hafi dregist um nokkra daga og í raun ekki gengið möglunarlaust fyrir sig að fá þá fjármuni greidda. Eiríkur segir að meðal annars hafi hann og Helga verið kölluð á fund hjá Íslandsbanka, gagngert til að fá greiddar þær 800 milljónir, ásamt vöxtum frá samningstíma til greiðsludags. Það hafi verið hluti að ferli sem ekki hafi verið honum að skapi, en hann þó tekið þátt í til að fá peninga greidda til að hægt væri að efna samninginn frá 7. október 1998. Eiríkur segir að greiðsla á víxli hafi dregist úr hömlu og að lokum hafi Jón Ásgeir greitt andvirði víxilsins í hlutabréfum Baugs hf., ásamt vöxtum, sem Jón Ásgeir hafi reiknað út sjálfur.

Aðspurður segir Eiríkur að þessi samningur hafi verið gerður við Jón Ásgeir, en ekki Baug hf.

07365

Aðspurður segir Eiríkur að umræddur samningur hafi verið undirritaður á Hótel Esju. Aðspurður segir Eiríkur að hann hafi ekki upplifað þetta ferli eins og einhver sérstök leynd hvíldi yfir því, umfram það sem gerist og gangi í fyrirtækjasölu. Eiríkur segir að í framhaldi af þessu hafi til að mynda öllu starfsfólki hans verið kunnert um sölu á fyrirtækinu.

Aðspurður segir Eiríkur að hann hafi séð um alla samningsgerð og annast öll samskipti fyrir hönd Vöruveltunnar hf. við kaupanda, en hins vegar hafi nafn Helgu verið skrifað fyrir öllum þeim samningum sem gerðir hafi verið. Eiríkur segir að það eigi rætur að rekja til þess að hann hafi orðið gjaldþrota á árinu 1988 og því ekki mátt eiga neinar eignir frá þeim tíma og Helga því skrifuð fyrir sameiginlegum eignum þeirra.

Eiríkur er spurður hvenær afhending félagsins hafi farið fram.

Eiríkur segir að hann muni ekki nákvæmlega upp á dag hvenær það hafi verið, en það hafi verið í kjölfar sölu á fyrirtækinu. Eiríkur segir að við afhendingu félagsins hafi hann hætt afskiptum af félaginu og hvergi komið nálægt rekstri þess. Eiríkur segir að hann viti til þess að við af honum sem framkvæmdastjóri félagsins hafi tekið fyrrverandi innkaupastjóri Vöruveltunnar hf., Hertha M. Þorsteinsdóttir.

Greiðsla á kr. 200.000.000, sem fara átti fram 8. október skv. kaupsamningi 7. október 1998

Eiríki er sýnt afrit af viðskiptakvittun SPRON vegna greiðslu á kr. 200.000.000, dags. 8. október 1998. Eiríki er samhliða þessari afrituðu kvittun sýnt afrit af reikningsyfirliti Baus-Aðfanga ehf. nr. 1151-26-156, dags. 30. september 1998; ljósrít af tékka, útgefnum af SPRON, stíluðum á Helgu Gísladóttur og framseldur af sömu, dags. 8. október 1998; afrit af viðskiptakvittun SPRON vegna innlagnar á kr. 200.000.000 á reikning Helgu Gísladóttur nr. 0327-26-001706, dags. 9. október 1998.

- Skjöl málsins nr. II/50.2.1, II/50.2.2, II/50.2.3 og II/50.2.4

Eiríkur er spurður hvort þetta hafi verið fyrsta greiðslan samkvæmt kaupsamningi, dags. 7. október 1998.

Eiríkur segir að þetta séu gögn vegna fyrstu greiðslunnar, gagngert til að efna samninginn frá 7. október 1998.

Eiríkur er spurður hvort hann viti hvernig þessi greiðsla hafi verið fjármögnuð af hálfu kaupanda.

Eiríkur segir að hann hafi aldrei haft vitneskju um fjármögnun kaupanda, heldur hafi hann aðeins tekið við umræddri greiðslu.

Fyrri endurgreiðsla að fjárhæð kr. 100.000.000

Eiríki er sýnt afrit af viðskiptakvittun SPRON vegna innlagnar á kr. 116.356.027,86 inn á reikning Baus-Aðfanga ehf., dags. 4. desember 1998; afrit af samriti reikningsyfirlita Íslandsbanka á reikningi nr. 0515-26-014044, dags. 4. desember 1998; afrit af innlagnarnótu Íslandsbanka, stílaðri á Eirík Sigurðsson, að fjárhæð kr. 116.356.027,86, dags. 3. desember 1998; afrit af úttektarnótu Íslandsbanka, dags. 3. desember 1998; afrit af handrituðu blaði með ýmsum upplýsingum um fjárhæðir, þ. á m. kr. 200.000.000 og 116.356.027,86, ódagsett; afrit af yfirlýsingu Ragnars Tómassonar um að hafa í lok árs 1998 eða byrjun árs 1999 fengið greiðslu að fjárhæð ca 13 milljónir króna fyrir að hafa haf milligöngu um sölu á Vöruveltunni hf., dags. 2. júlí 2004 og afrit af tékka að fjárhæð kr. 12.671.246 og útgefnum af Ingibjörgu Stefáns, dags. 30. desember 1998.

- Skjöl málsins nr. II/50.3.1, II/50.3.2, II/50.3.3, II/50.3.4, II/50.3.5 og II/50.3.6

Grunur er um að kr. 100.000.000 af þessari fjárhæð, kr. 116.356.028, hafi verið endurgreiðsla á helmingi af þeim 200.000.000 kr., sem greiddar voru til Eiríks og Helgu 8. október 1998. Umrædd fjárhæð var

lögð inn á reikning Baus-Aðfanga ehf. í tengslum við uppgjör Íslandsbanka hf. og Helgu Gísladóttur og Eiríks Sigurðssonar á sölu 40 % eignarhlut í Vöruveltunni hf. samkvæmt samningi þeirra frá 10. nóvember 1998 (þar af 35 % til Eignarhaldsfélags Alþýðubankans (27,14 %), Lífeyrissjóðsins Lífiðnar (2,86 %) og Landsbréfa (5 %) og 5 % til Íslandsbanka hf.), sbr. skjöl málsins II/50.7 og II/50.7.1. Samkvæmt því sem fram kemur á viðskiptakvittun vegna þessarar innborgunar er skýring greiðslunnar sögð vera „GREIÐSLA YFIRDR.“

Eiríkur er spurður hvort þetta hafi verið vegna greiðslu til baka á helmingi fjárhæðarinnar samkvæmt samningi frá 7. október 1998 og enn fremur hvers vegna hann hafi haft aðkomu að endurgreiðslu fjárhæðarinnar.

Eiríkur segir að hann hafi engar skýringar á þessu og skilji þetta með engum hætti. Eiríkur segir að hann muni ekki eftir þessu ferli, en þetta hafi verið hluti af því ferli sem hann hafi verið dreginn inn í af hálfu kaupanda Vöruveltunnar hf. og Íslandsbanka hf., gagnert til að hann gæti fengið greitt samkvæmt kaupsamningum frá 7. október 1998.

Aðrar greiðslur skv. kaupsamningi frá 7. október 1998 og fjármögnun þeirra

Greiðsla á kr. 800.000.000, sem fara átti fram 5. nóvember 1998 en fór fram 16. nóvember s. á.

Eiríki er sýnt afrit af lánabeiðnum Fjárfars og Eiríks Sigurðssonar hjá Íslandsbanka vegna kaupa á hlutum í Vöruveltunni, dags. 16. nóvember 1998; afrit af tveimur lánstilboðum að fjárhæð kr. 451.000.000 vegna lánasamninga Fjárfars ehf. og Íslandsbanka hf., dags. 16. nóvember 1998; afrit af lánasamningi milli Íslandsbanka hf. og Fjárfars ehf. vegna láns að fjárhæð kr. 451.000.000, dags. 16. nóvember 1998; afrit af almennum skilmálum fyrir lán frá Íslandsbanka hf. ásamt viðaukum 1, 2. og 3 (handveðyfirlýsingu Fjárfars ehf. vegna handveðsetningu hlutabréfa), dags. 16. september 1998; afrit af samþykki stjórnar Vöruveltunnar fyrir veðsetningu hlutabréfa, dags. 16. nóvember 1998 og vottuð af Grétari Haraldssyni og Ragnari Tómassyni; afrit af úttektarnótum Íslandsbanka vegna úttekta á kr. 351.777.778 og kr. 450.000.000, dags. 16. nóvember 1998 og afrit af innlagnar- og úttektarnótu Íslandsbanka hf. vegna úttekta á kr. 77.000.000 vegna Vöruveltunnar hf., dags. 3. desember 1998.

- Skjöl málsins nr. II/50.5.1, II/50.5.2, II/50.5.3, II/50.5.4, II/50.5.5, II/50.5.6 og II/50.5.7

Greiðsla á fjárhæð kr. 350.000.000 – fjármagnað með samningi, dags. 10. nóvember 1998 – sala 40 % til stofnfjárfesta
Eiríki er sýnt afrit af samningi milli Íslandsbanka annars vegar og hins vegar Helgu Gísladóttur og Eiríks Sigurðssonar vegna Vöruveltunnar hf. um sölu á eignarhlut í félaginu o. fl., dags. 10. nóvember 1998. Samkvæmt umræddum samningi gerðu Íslandsbanki annars vegar og Helga Gísladóttir og Eiríkur Sigurðssonar sem eigendur að öllu hlutafé í Vöruveltunni hf., sem þá rak verslanir undir heitinu 10-11, samning um að selja allt að 75 % eignahlut í félaginu. Enn fremur kom fram að stefnt yrði að selja eftirstandandi 25 % eignarhlut á komandi árum. Í samningum kom fram að af þeim 75 % sem selja átti yrði 35 % hlutur í félaginu seldur til Árna Samúelssonar, Heklu hf., Tryggingarmiðstöðvarinnar hf. og Sævars Jónssonar, en þeir aðiljar kæmu til með að mynda með sér félag um þann eignarhlut. Samkvæmt samningnum var gengið út frá því að heildarverðmæti félagsins næmi um kr. 1.400.000.000 [35 % hlutur samsvarar kr. 490.000.000]. Samkvæmt samningum tók Íslandsbanki að sér fyrir hönd seljenda að ráðstafa eftirstandandi 40 % eignarhluta með þeim hætti að leita kaupanda í hópi fagfjárfesta fyrir um það bil 35 % og þá miðað við heildarverðmæti kr. 1.400.000.000 [35 % hlutur samsvarar 490.000.000]. Enn fremur kom fram að sá 5 % eignahlutur, sem eftir stóð, skyldi seldur við skráningu félagsins á Verðbréfabæpingi Íslands [5 % eignahlutur samsvarar kr. 57.500.000, þ. e. miðað við heildarverðmæti kr. 1.150.000.000]. Fyrir liggur að Eignarhaldsfélag Alþýðubankans og fl. keyptu umræddan 35 % hlut.

- Skjal málsins nr. II/50.7

Eiríki er sérstaklega sýnt afrit af útprentun frá Íslandsbanka með yfirskriftinni „Uppgjör v/sölu á 40% eignarhlut í Vöruveltunni hf. sbr. samning milli aðila frá 10. nóvember 1998“, dags. í Reykjavík 4.

desember 1998. Samkvæmt umræddu skjali hefur greiðsla að fjárhæð kr. 350.000.000 verið fjármögnuð með bráðabirgðaláni að fjárhæð kr. 351.777.778 þeirra Helgu Gísladóttur og Eiríks Sigurðssonar, sbr. skjal málsins nr. II/50.5.1 (bls. 2 og 3), en umrædd 40 % hafi síðan verið seld til stofnfjárfesta og í dreifðri sölu fyrir heildarandvirði 547.500.000 (35 % hlutur á kr. 490.000.000).

- Skjal málsins nr. II/50.7.1 og II/50.5.1

Eiríkur er beðinn að gera grein fyrir þessum samningi og hvort hann hafi verið efndur.

Eiríkur segir að hann og Helga hafi verið beðin að skrifa undir þennan samning og sé hluti af því ferli sem hann hafi verið dreginn inn í af Jóni Ásgeiri Jóhannessyni og Íslandsbanka í framhaldi af samningi frá 7. október 1998. Eiríkur segir að það ferli hafi sem áður segir snúist um að efna samninginn frá 7. október 1998 og þá greiðslu á 800 milljónum króna, sem hann hafi átt að fá greiddar 5. nóvember 1998 samkvæmt téðum samningi, en hafi hins vegar ekki fengið greiddar fyrir en 16. nóvember 1998.

Eiríkur segir að hann hafi ekki komið að gerð þessa samnings, heldur aðeins skrifað undir hann. Eiríkur segir að hann þessi samningur hafi verið lagður fyrir hann í Íslandsbanka, en líklega hafi það verið Jón Ásgeir sem hafi beðið hann um þetta, alltént örugglega einhver fyrir hans hönd.

Eiríkur segir að hann viti ekkert um innihald þessa samnings og hafi aldrei nokkurn tímann átt nein samskipti við Árna Samúelsson, Heklu, Tryggingarmiðstöðina eða Sævar Jónsson í tengslum við þennan samning.

Aðspurður segir Eiríkur að hann reki minni til að gerður hafi verið samningur milli Vöruveltunnar hf. og Aðfanga hf. um aðgengi Vöruveltunnar hf. að heildsölulager Aðfanga hf., sem getið er um í 7. efnislið samningsins. Eiríkur segir að hann viti ekki hvort hann eða Hertha M. Þorsteinsdóttir hafi ritað undir þann samning. Eiríkur segir að sá samningur hafi ekki verið gerður fyrir en eftir að hann lauk afskiptum af Vöruveltunni hf. og að sá samningur hafi verið fyrir tilstillan Jóns Ásgeirs.

Eiríkur er beðinn að gera grein fyrir láni að fjárhæð kr. 350.000.000 sem hann þarna virðist þarna hafi verið fengið hjá Íslandsbanka.

Eiríkur segir að þessi lánveiting hafi aðeins verið hluti af þessu ferli að fá 800 milljónirnar greiddar og því frá hans bæjardrym séð til málamynda. Eiríkur segir að hann hafi sem áður segir aðeins verið beðinn um að skrifa undir þessa pappíra, en ekki komið að samningum varðandi þessa lánveitingu. Eiríkur segir að hann hafi aldrei verið krafinn um endurgreiðslu lánsins, enda hafi hann verið að fá greidda þessa fjárhæð, ekki að taka hana að láni.

Greiðsla á fjárhæð kr. 450.000.000 – fjármagnað með samningi, dags. 10. nóvember 1998 – sala 35 % til Fjárfars ehf. Eiríki er enn sýnt afrit af samningi milli Íslandsbanka annars vegar og hins vegar Helgu Gísladóttur og Eiríks Sigurðssonar vegna Vöruveltunnar hf. um sölu á eignarhlut í félaginu o. fl., dags. 10. nóvember 1998. Sem áður segir kemur fram í samningum að af þeim 75 % sem selja átti yrði 35 % hlutur í félaginu seldur til Árna Samúelssonar, Heklu hf., Tryggingarmiðstöðvarinnar hf. og Sævars Jónssonar, en þeir aðiljar kæmu til með að mynda með sér félag um þann eignarhlut. Fyrir liggur að þessi 35 % hluti var seldur til Fjárfars ehf. Kaupverð til Fjárfars var kr. 450.000.000.

- Skjal málsins nr. II/50.7

Eiríkur er spurður hvers vegna Eignarhaldsfélag Alþýðubankans o. fl. hafi þarna keypt hlut sinn miðað við heildarverðmæti félagsins kr. 1.400.000.000; Íslandsbanki sín bréf miðað við heildarverðmæti félagsins kr. 1.150.000.000 og Fjárfar kr. 40.000.000 lægra en hlutur Eignarhaldsfélags Alþýðubankans.

Eiríkur segir að hann hafi enga hugmynd um þetta og hafi á engan hátt haft neina aðkomu að þessum viðskiptum.

Eiríki er sérstaklega sýnt afrit af lánstilboði að fjárhæð kr. 451.000.000 vegna lánasamninga Fjárfars ehf. og Íslandsbanka hf., dags. 16. nóvember 1998; afrit af lánasamningi milli Íslandsbanka hf. og Fjárfars ehf. vegna láns að fjárhæð kr. 451.000.000, dags. 16. nóvember 1998; afrit af almennum skilmálum fyrir lán frá Íslandsbanka hf. ásamt viðaukum 1, 2. og 3 (handveðyfirlýsingu Fjárfars ehf. vegna handveðsetningu hlutabréfa), dags. 16. september 1998 og afrit af samþykki stjórnar Vöruveltunnar fyrir veðsetningu hlutabréfa, dags. 16. nóvember 1998. Samkvæmt umræddum gögnum var 60 % hlutafjár í Vöruveltunni hf. sett sem trygging fyrir láninu, þ. e. 35 % hlutur Fjárfars ehf. og 25 % hlutur Helgu Gísladóttur og Eiríks Sigurðssonar.

- Skjal málsins nr. II/50.5.2, II/50.5.3, II/50.5.4, II/50.5.5 og II/50.5.6

Eiríkur er spurður hvort hafi verið gerðir kaupsamningar vegna beggja þessara eignarhluta eða hvort miðað hafi verið við samninginn frá 10. nóvember 1998.

Eiríkur segir að hann hafi enga hugmynd um það. Eiríkur segir að hann vilji sérstaklega áréttta að hann hafi verið fenginn til að skrifa undir þessa pappíra sem áður segir.

Greiðsla á kr. 150.000.000, sem fara átti fram með vixli útgefnum 16. nóvember 1998 – greitt með hlutabréfum

Eiríki er sýnt afrit af vixli Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis að fjárhæð kr. 150.000.000, þar sem greiðandi er Eignarhaldsfélagið Gaumur og útgefandi Fjárfestingarfélagið Gaumur, dags. 16. nóvember 1998, - með gjalddaga 1. mars 1999. Eiríki er enn fremur sýnt afrit af símbréfi Kaupþings hf. til hluthafaskrá Baugs hf. um að sölu Kaupþings Lúxemborg á hlut í Baugi að nafnverði 16.200.000 til Helgu Gísladóttur, dags. 3. nóvember 1999 og afrit af greinargerð um viðskipti með hlutabréf í Baugi hf., dags. 2. mars 2004. Samkvæmt umræddum gögnum virðist þessi fjárhæð ekki hafa verið greidd með umræddum vixli heldur hlutabréfum í Baugi hf. að nafnvirði kr. 16.200.000 eða að þáverandi markaðsandvirði kr. 162.000.000.

- Skjal málsins nr. II/50.6.1, II/50.6.2 og II/50.6.3

Eiríkur er spurður hvort þetta hafi verið þriðja greiðslan samkvæmt kaupsamningi, dags. 7. október 1998.

Eiríkur segir að þessi greiðsla hafi tafist mjög, en í byrjun júnímánaðar 1999 hafi hann þó fengið greitt samkvæmt kaupsamningnum frá 7. október 1998, með hlutabréfum í Baugi hf. að nafnverði kr. 16.200.000. Eiríkur segir að Jón Ásgeir hafi haft samband við hann og borið undir hann hvort hann samþykkti fyrir sitt leyti að fá andvirði greiðslunnar í hlutabréfum í Baugi hf. í stað reiðfjár skv. vixlinum. Eiríkur segir að hann hafi samþykkt það, enda á þeim tíma farið að lengja eftir að fá greiðsluna efnda. Eiríkur segir að kr. 12.000.000 hafi verið vegna vaxta, en Jón Ásgeir hafi reiknað þá vaxtafjárhæð út. Eiríkur segir að sá vaxtaútreikningur hafi líklega nokkurn veginn miðast við þáverandi prósentu almennra vaxta og dráttarvaxta, þ. e. almennir vextir hafi reiknast frá 7. október 1998 til 1. mars 1999 og dráttarvextir eftir 1. mars 1999 uns fjárhæðin hafi verið greidd.

Samstarfssamningur, dags. 27. apríl 1999

Eiríki er sýnt afrit af samstarfssamningi Kaupþings hf.; Íslandsbanka hf.; Fjárfars ehf.; Litla fasteignafélagsins ehf.; Eiríks Sigurðssonar og Helgu Gísladóttur; 10-11 og Vöruveltunnar hf. um kaup og sölu á 35 % eignarhlut í Vöruveltunni hf., dags. 27. apríl 1999.

- Skjal málsins nr. II/50.8

Eiríkur er beðinn að gera grein fyrir þessum samningi.

Eiríkur segir að hann hafi verið staddur í útlöndum þegar þessi samningur hafi verið gerður, en Helga hafi skrifað undir hann umbeðin. Eiríkur segir að hann þekki ekki innihald þessa samnings og viti ekki hvers vegna hann hafi verið gerður. Eiríkur segir að hann telji að þessi samningur hafi verið gerður í

Íslandsbanka og sé hluti af öðru ferli, sem hvorki hann né Helga hafi í raun vitað hver tilgangur hafi verið með og engan þátt átt að gerð þess.

Kaupsamningur, dags. 21. maí 1999, ásamt fylgigögnum

Eiríki er sýnt afrit af kaupsamningi vegna kaupa Baugs hf. á 70 % hlutabréfa í Vöruveltunni hf., samtals að nafnvirði 210.000.000 króna, dags. 21. maí 1999. Samkvæmt umræddum samningi seldi Helga Gísladóttir 25 % eignahlut sinn í Vöruveltunni hf. til Baugs hf. og Fjárfar ehf. þar af leiðandi 45 % eignahlut sinn. Samkvæmt samningnum var kaupverðið kr. 447.000.000, en þar af átti að greiða kr. 65.000.000 með hlutabréfum í Baugi að nafnverði. Samningurinn er undirritaður af Jóni Ásgeiri Jóhannessyni f. h. stjórnar Baugs hf.; Helgu Gísladóttur og Eiríki Sigurðssyni, en samningurinn er óundirritaður f. h. Fjárfars ehf. Samningurinn er vottaður af Grétari Haraldssyni. Samningurinn er samkvæmt kaupsamningnum skyldi kaupverð greiddast með eftirfarandi hætti:

- Skjal málsins nr. II/50.9

a) Við undirritun kaupsamnings	kr.	225.000.000,-
b) Við undirritun kaupsamnings með skuldabréfi	kr.	162.000.000,-
c) Hinn 1. júlí afhendir kaupandi seljanda hlutabréf í sjálfum sér að nv.	kr.	65.000.000,-

	Kr.	447.000.000,-

Eiríkur er spurður hvort þessi samningur hafi gengið eftir og verið efndur og hvort hann hafi fengið greitt samkvæmt honum.

Eiríkur segir að þessi samningur hafi ekki verið efndur og hafi hann og Helga ekki fengið greitt samkvæmt honum. Eiríkur segir að Jón Ásgeir Jóhannesson hafi beðið hann og Helgu að koma fram sem eigendur Vöruveltunnar hf. við gerð þessa samnings. Eiríkur segir að 9. gr. samningsins hafi hins vegar orðið að veruleika, en á þeim tíma hafi hann verið búinn að stofna félagið Veltuna ehf. og hafi það félag verið notað um skráningu firmanafnsins 10-11 í útlöndum.

Eiríkur er spurður hvort hann viti hver tilgangur þessa samnings hafi verið.

Eiríkur segir að hann viti ekki tilgang gerð þessa samnings.

Greiðsla á kr. 225.000.000 (greitt í þrennu lagi), sem greiddast átti við undirritun kaupsamnings

Eiríki er sýnt afrit af útprentun úr bókhaldi Baugs hf. vegna greiðslu að fjárhæð kr. 225.000.000 hinn 20. maí 1999; afrit af útprentuðum upplýsingum úr bókhaldi Baugs Group hf. á tímabili frá 20. maí 1999 til 30. júní 2000 og afrit af útprentun á hreyfingalista úr bókhaldi Baugs hf., dags. 26. júní 1999. Samkvæmt umræddum gögnum er Helga Gísladóttir sögð hafa fengið umræddar kr. 225.000.000 greiddar.

- Skjöl málsins nr. II/50.9.1, II/50.9.2 og II/50.9.3

Eiríkur er spurður hvort það séu réttar upplýsingar og hvort hann hafi fengið greitt samkvæmt þessu, þá með vísan til samnings frá 21. maí 1999.

Eiríkur segir að hann og Helga hafi ekki fengið þessa fjármuni greidda. Eiríkur segir að hann kannist ekkert við þessar upplýsingar úr bókhaldi Baugs hf. og sé honum algjörlega á huldu.

07370

Greiðsla að fjárhæð kr. 162.000.000, sem greiða átti með skuldabréfi (greitt með láni)

Eiríki er sýnt afrit af símbréfi Kauppings hf. til Baugs hf. vegna láns til Baugs hf. að fjárhæð kr. 162.000.000, dags. 30. júní 1999; afrit af bókunarblaði vegna fjárhæðarinnar 162.000.000, dags. 30. júní og afrit af útprentun úr bókhaldi Baugs hf. með upplýsingum um skammtímalán að fjárhæð kr. 162.000.000, dags. 2. og 7. júlí 1999. Eiríki er kunnbert að grunur sé um að þessi greiðsla hafi ekki farið fram með skuldabréfi, heldur hafi hún verið greidd með láni frá Kaupthingi Luxembourg, sem síðan hafi verið gert upp með hlutabréfum – þeim hinum sömu og notuð voru til að gera upp víxil að fjárhæð kr. 150.000.000 og fara átti fram 1. mars 1999 á grundvelli kaupsamningsins frá 7. október 1998.

- Skjöl málsins nr. II/50.13.1, II/50.13.2 og II/50.13.3

Eiríkur er spurður hvort það séu réttar upplýsingar og hvort hann hafi fengið greitt samkvæmt þessu, þá með vísan til samnings frá 21. maí 1999.

Eiríkur segir að hann hafi ekki fengið þessa fjárhæð greidda. Eiríkur segir að þessar upplýsingar séu honum algjörlega á huldu.

Gögn vegna greiðslu með hlutabréfum í Baugi að nafnverði kr. 65.000.000

Eiríki er sýnt afrit af hreyfingalista í hlutaskrá Baugs hf. v/ Fjárfars ehf. frá 30. júní 1999 til 20. september 2000. Eiríki er kunnbert að fyrir liggja að hlutabréf að nafnverði kr. 65.000.000 í Baugi hf. hafi runnið til Fjárfars ehf. eða að markaðsvirði kr. 650.000.000 og hlutabréf að nafnverði kr. 17.500.000 eða markaðsvirði kr. 175.000.000 hafi runnið til Íslandsbanka. Fyrir liggur að þessi hlutabréf hafi verið fengin með aukningu hlutafjár í Baugi hf. samkvæmt aukahlutahafafundi frá 24. júní 1999.

- Skjöl málsins nr. II/50.14.1, II/50.14.4 og II/50.14.2

Eiríkur er spurður hvort hann hafi einhverja vitneskju um það hvernig farið hafi verið með þessi hlutabréf í eigu Baugs hf. sem runnið hafi til Fjárfars ehf. og hvort hann hafi vitneskju um að þetta hafi tengst samningi frá 21. maí 1999.

Eiríkur segir að hann hafi enga vitneskju um það, enda enga aðkomu haft að Fjárfari ehf.; hvorki hagsmunalega né stjórnunarlega.

Sölusamningur, dags. 5. júní 1999, ásamt fylgigögnum

Eiríki er sýnt afrit af sölusamningi Helgu Gísladóttur vegna sölu og afsals á 25 % hlutafjäreignar í Vöruveltunni hf. til Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, dags. 5. júní 1999 – kaupverð kr. 297.500.000. Samkvæmt téðum samningi hefur Jón Ásgeir Jóhannesson keypt 25 % hlutafé í Vöruveltunni hf. Kaupverðið er sagt kr. 287.500.000 og átti að greiðast með eftirfarandi hætti:

- Skjal málsins nr. II/50.15

1. Kaupandi hefur þegar greitt með peningum	kr.	287.500.000.00
2. Kaupandi greiðir með hlutabréfum í Baugi h. f. að nafnverði kr. 5.000.000.00. Bréfin afhendast seljanda þegar Apótekið eign Gaums hf. hefur verið metið inn í Baug h. f. (ágúst 1999)	"	5.000.000.00
3. Kaupandi greiðir með hlutabréfum í Baugi h. f. að nafnverði kr. 5.000.000.00. Bréfin afhendast seljanda í október 2000	"	5.000.000.00
	Samtals kr.	<u>297.000.000.00</u>

Eiríkur er beðinn að gera grein fyrir þessum viðskiptum; hvort þessi samningur hafi verið efndur, hvort þau hjón hafi fengið greiddar kr. 287.000.000 í peningum og hvort hann hafi fengið hlutabréf í Baugi samtals að nafnverði kr. 10.000.000.

Eiríkur segir að þessi samningur hafi verið gerður að frumkvæði Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, en á einhverjum tímapunkti hafi verið ákveðið að hækka kaupverð Vöruveltunnar hf. til Jóns Ásgeirs um 10.000.000 kr., þ. e. með hlutabréfum úr Baugi hf. að nafnverði kr. 10.000.000.

Eiríkur er spurður hvort hann hafi einhverjar skýringar á því hvers vegna Jón Ásgeir hafi þarna upp á sitt eindæmi verið hækka kaupverð sitt á Vöruveltunni hf.

Eiríkur segir að eftir að kaupsamningurinn hafi verið undirritaður 7. október 1998 hafi ýmislegt gengið á, þar sem hann og Helga hafi dregist inn í atburðarás sem ekki hafi verið þeim að skapi. Eiríkur segir að hann hafi ítrekað fundið að þessu við Jón Ásgeir, og minnst þess meðal annars að nöfn hans og Helgu hafi komið fram í opinberlega í fréttum tengdum Fjárfari ehf., sem þau hafi ekkert haft með að gera. Eiríkur segir að hann hafi gert alvarlega athugasemd við Jón Ásgeir vegna þessa. Eiríkur segir að í framhaldi af öllum þessum óþægindum, sem þau hjónin hafi orðið fyrir vegna þessarar atburðarásar, hafi Jón Ásgeir líklega viljað bæta þeim hjónum það upp með hækkuðu kaupverði.

Eiríkur er spurður hvort uppgjöri milli hans og Helgu annars vegar og Jóns Ásgeirs hins vegar, vegna samnings frá 7. október 1998, hafi lokið með gerð þessa samnings og greiðslu á hlutabréfum í Baugi hf. að nafnverði kr. 10.000.000.

Eiríkur segir að með gerð þessa samnings og greiðslu með hlutabréfum Baugs hf. að nafnverði kr. 10.000.000 hafi uppgjöri milli þeirra hjóna annars vegar og Jóns Ásgeirs hins vegar lokið.

Samstarfs- og sölusamningur, dags. 5. júní 1999

Eiríki er sýnt afrit af samstarfs- og sölusamningi milli Helgu Gísladóttur og Eiríks Sigurðssonar annars vegar og Baugs hf. hins vegar, dags. 5. júní 1999. Umræddur samningur fól í sér að Helga Gísladóttir seldi Baugi hf. 50 % af hlutafjareign sinni í Veltunni ehf. fyrir hlutabréf í Baugi hf. að nafnverði kr. 10.000.000. Umrætt félag mun hafa átt sér stoð í 9. gr. kaupsamnings, dags. 21. maí 1999, um kaup Baugs hf. á 70 % hlutafjár í Vöruveltunni af Helgu Gísladóttur og Fjárfari ehf., en þar segir eftirfarandi:

- Skjal málsins nr. II/50.16 og II/50.9

Helga Gísladóttir og Baugur munu í sameiningu stofna félag með 5 millj. kr. hlutafé sem þau mun eiga að jöfnu sem hefur það að markmiði að vinna að því að stofna og starfrækja verlanir undir nafninu 10-11 erlendis. Unnið er að skráningu firmanafnsins í Evróðu [svo], Kanada og Bandaríkjunum og telst sú skráning eign hins nýja sameiginlega félags án sérstaks endurgjalds af hálfu Baugs, en ógreiddur kostnaður vegna skráningarinnar greiðir nýja félagið.

Eiríkur er beðinn að gera grein fyrir þessum samningi; hver hafi verið tilurð hans, tilgangur og hvort hann hafi komið til efnda.

Eiríkur segir að þessi samningur hafi orðið að veruleika og efndur, en hugmynd að þessu hafi upphaflega komið fram í samningi frá 21. maí 1999, sbr. 9. gr. samningsins. Eiríkur segir að hann og Helga hafi fengið greitt fyrir þetta frá Baugi hf. með hlutabréfum í Baugi hf. að nafnverði kr. 10.000.000. Eiríkur segir að þessi samningur hafi í raun verið gerður við Jón Ásgeir Jóhannesson fyrir hönd Baug hf.

Aðspurður segir Eiríkur að verðmæti í Veltunni ehf. hafi legið í vörumerkiniu 10-11 erlendis, en vörumerkið hafi verið mjög verðmætt. Eiríkur segir að hann hafi séð sóknarfæri fyrir vörumerkið í

útlöndum, en það hafi í raun aldrei orðið að veruleika. Eiríkur segir að hann líti svo á að Jón Ásgeir hafi þarna verið að tryggja sér viðskiptasambönd í útlöndum sem hann (Eiríkur) hafi verið búinn að koma á.

Aðspurður segir Eiríkur að þessi samningur sé með öllu ótengdur samningi frá 7. október 1998 um kaup Jóns Ásgeirs á hlutfé Vöruveltunnar hf.

Litla fasteignafélagið ehf. – kaup og sala á fasteignum**Kaup fasteigna til Litla fasteignafélagsins ehf.**

Eiríki er sýnt afrit af samkomulagi milli Lýsingar hf. og Litla fasteignafélagsins ehf. um yfirtöku/breytingu samnings um fjármögnunarleigu nr. 107376 vegna fasteignarinnar að **Langarima 21-23**, dags. 25. febrúar 1999; afrit af samkomulagi milli Lýsingar hf. og Litla fasteignafélagsins ehf. um yfirtöku/breytingu samnings um fjármögnunarleigu nr. 106670 vegna fasteignarinnar að **Laugalæk 2**, dags. 25. febrúar 1999; afrit af samkomulagi milli Lýsingar hf. og Litla fasteignafélagsins ehf. um yfirtöku/breytingu samnings um fjármögnunarleigu nr. 107044 vegna fasteignarinnar að **Sporhömrum 3**, dags. 25. febrúar 1999 og afrit af fyrningarskýrslu 1998 fyrir Litla fasteignafélagið ehf. – úr skattframtali 1998. Allir gerningarnir eru undirritaðir af Grétari Haraldssyni og Sólveigu Theodórsdóttur f. h. Litla fasteignafélagsins; af Helgu Gísladóttur og Eiríki Sigurðssyni f. h. Tíu ellefu hf. og Eiríki Sigurðssyni og Birni Árnasyni f. h. Vöruveltunnar hf.

- Skjöl málsins nr. II/50.17.4 til II/50.17.7

Samkvæmt téðum gögnum hefur Litla fasteignafélagið ehf. keypt fasteignir frá Vöruveltunni hf. fyrir samtals kr. 217.100.000 ásamt yfirfærslu réttinda skv. fjármögnunarleigusamningum seljanda við Lýsingu hf., en umræddar fasteignir voru Suðurlandsbraut 48, Laugalækur 2, Sporhamrar 3, Langarimi 21-23 og Grímsbær/Efstaland 26.

Eiríkur er spurður hvort hann hafi vitneskju um hvernig kaupverð hafi verið ákvarðað.

Eiríkur segir að hann hafi enga vitneskju um það, enda hafi hann á þessum tíma verið búinn að selja eignarhlut sinn í Vöruveltunni hf. og hættur afskiptum af félaginu. Eiríkur segir að hann muni ekki eftir að hafa ritað undir þessa pappíra, en alveg ljóst sé að hann hafi verið fenginn til þess arna. Eiríkur segir að honum verið kunnugt um tilurð Litla fasteignafélagsins ehf., en ekki vita um eignarhald þess félags eða starfsemi þess.

Eiríkur er spurður að lokum hvort hann vilji taka eitthvað sérstaklega fram eða koma á framfæri einhverjum ábendingum eða athugasemdum.

Eiríkur segir að hann vilji áréttta að frá og með gerð kaupsamnings um sölu á Vöruveltunni hf., dags. 7. október 1998, hafi hvorki hann né Helga haft nokkur afskipti af stjórn eða rekstri félagsins. Né heldur hafi þau eftir þann tíma haft nokkur hagsmuna- eða stjórnunartengsl við rekstur félagsins.

Eiríkur hefur lesið skýrsluna yfir. Hann telur hana rétt bókaða og engu við að bæta.

Yfirheyrslu og yfirlestri lokið laugardaginn 28. maí 2005 kl. 16⁰⁷

Yfirlesið staðfest rétt

Eiríkur Sigurðsson

Viðstaddur og þátttakandi í yfirheyrslu

Sveinn Ingiberg Magnússon, lögreglufulltrúi

Skýrslu gerir

Birgir Jónasson, lögreglufulltrúi